

Febrúar 2017

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga
og smíða mér bát.
Og síðan á sjóinn
ég sigli með gát.

Og báturinn vagnar
og veltist um sæ.
Ég fjörugum fiskum
með færinu næ.

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu upp' í tré,
þeir voru að stríða krókódíl:
„Þú nærð ekki mér!"
Þá kom hann herra krókódill
svo hægt og rólega og ...ammm!

Fjórir litlir apar....
Þrír litlir apar...
Tveir litlir apar....
Einn lítill api...

Það er skemmtilegast (Vinur minn)

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.
Í stórum hóp' inn um hlátrasköll
geta ævintýrin skeð.
Svo vertu velkomin! (Klapp klapp)
Nýji vinur minn. (Klapp klapp)
Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.
Getur glatt og huggað jafnvel þá
sem við þekkjum ekki neitt.
Svo vertu velkomin! (Klapp klapp)
Nýji vinur minn. (Klapp klapp)
Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.

Tönnin mín (lag: Signir sól)

Tönnin mín, tönnin mín
tönnin mín er hvít og fín.
Burstuð hún, alltaf er,
bæði þar og hér.
Borða góðan hollan mat
á tönnina ekki kemur gat.
Tönnin mín, tönnin mín
alltaf hvít og fín.

Tönnin er með gati hér
grátandi hún líka er.
Burstuð hún ekki var
hvorki hér né þar.
Kárius á henni sat
og hjó í hana stærðar gat.
Tönnin er með gati hér
grátandi hún er.

Ugla

Það var gömul ugla
með oddhasst nef,
tvö lítil eyru
og átta litlar klær.
Hún sat uppi' í tré
og svo komst þú,
þá flaug hún í burtu'
og sagði: "Ú-ú-ú".

Við erum góð

Við erum góð, góð hvert við annað.
Stríðum ekki eða meiðum neinn.
;,: Þegar við grátum, huggar okkur einhver.
Þessar tár og klappar okkar kinn. ;,: